

Fyrir börn sem ekki eru með varanlega heimilisfesti á Íslandi og eru á framfæri ríkisborgara frá ríki innan hins Evrópska efnahagssvæðis, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum

Upplýsingar um umsækjanda

Nafn	Íslensk kennitala
Heimilisfang á Íslandi	Pótnúmer og sveitarfélag
Póstfang í heimilisfestarríki	Erlend kennitala
Nafn maka í heimilisfestarríki	Erlend kennitala
Netfang umsækjanda	

Nöfn barna yngri en 18 ára sem eru á framfæri umsækjanda

Nafn barns	Fæðingardagur
Nafn barns	Fæðingardagur
Nafn barns	Fæðingardagur
Nafn barns	Fæðingardagur
Nafn barns	Fæðingardagur

Upplýsingar um barnabætur í heimilisfestarríki

Umsjónarmaður með barnabótum eða sambærilegum greiðslum í heimilisfestarríki (fyllt út af bærum stjórnvöldum)	
Barnabætur fyrir árið 2018	Heildarfjárhæð (í evrum)

.....
Staður og dagsetning

.....
Staðfesting umsjónarmanns barnabóta

Í stað þess að fylla út umsókn þessa, má gefa upplýsingar um fjölskyldu umsækjanda og mótteknar barnabætur í heimilisfestarríki á eyðublaði E411

Skýringar

Á Íslandi eru barnabætur greiddar til framfæranda með börnum sem eru yngri en 18 ára. Fullar barnabætur eru greiddar vegna barnsins fyrir færðingarárið en engar fyrir árið þegar barnið nær 18 ára aldri. Fjárhæð barnabóta tekur mið af tekjum beggja foreldra. Greidd er sérstök viðbót við barnabætur, sem einnig er tekjutengd, með börnum yngri en 7 ára. Barnabætur eru ákvarðaðar við álagningu skatta sem fer fram árið eftir tekjuárið og eru barnabætur greiddar út í tvennu lagi, fyrri greiðslan er 1. júní og sú síðari 1. október. Hafa má samband við ríkisskattstjóra til að óska eftir fyrirframgreiðslu barnabóta.

Ríkisborgarar frá ríki innan hins Evrópska efnahagssvæðis, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum sem komið hafa til Íslands til að vinna og eru með barn á framfæri sem ekki er heimilisfast á Íslandi geta átt rétt á barnabótum á Íslandi. Réttur til barnabóta er þó einungis til staðar ef framfærandi er skattskyldur hér á landi skv. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og hann er tryggður á grundvelli 12., 13. eða 14. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

Umsóknum um barnabætur skal skila til ríkisskattstjóra. Til að öðlast rétt til barnabóta þurfa eftirfarandi upplýsingar að fylgja umsókninni:

- Upplýsingar um umsækjanda; nafn, kennitala, heimilisfang á Íslandi og í heimilisfestarríki.
- Upplýsingar um maka, nafn, fæðingardag og heimilisfang.
- Nöfn og fæðingardagar barna undir 18 ára aldri.
- Fjárhæð barnabóta frá heimilisfestarríki frá næstliðnu tekjuári.
- Tekjur umsækjanda og maka í heimilisfestarríki.

Hægt er að sækja um með því að fylla út eyðublað RSK 3.20 sem finna má á rsk.is eða á starfsstöðvum ríkisskattstjóra. Í stað þess að skila inn eyðublaði RSK 3.20 má skila inn upplýsingum um fjölskyldu þína og mótteknar barnabætur í heimilisfestarríki þínu á eyðublaði E411. Skila má upplýsingum um tekjur með afriti af erlendu framtali að því skilyrði uppfylltu að staðfesting frá bærum stjórnvöldum í heimilisfestarríki fylgi.

Útreikningur barnabóta er byggður á upplýsingum um fjölskyldu umsækjanda og tekjur á Íslandi og í heimilisfestarríki. Greiddar barnabætur í heimilisfestarríki koma til frádráttar greiðslu barnabóta á Íslandi. Mismunurinn er greiddur út til þess foreldris sem býr á Íslandi.

Eftirfarandi gögn eiga að fylgja með umsókn:

- A. Vottorð sem sýnir hjúskaparstöðu í lok þess tekjuárs sem umsóknin varðar.
- B. Staðfest afrit af erlendu framtali maka fyrir það tekjuár sem framtalið varðar.
- C. Vottorð um að þú sért framfærandi barns/barna. Á vottorðinu skal koma fram aldur barnanna og hvar þau búa.
- D. Eyðublað E411 eða aðrar viðeigandi upplýsingar um barnabætur í heimilisfestarríki barnsins. Ef maki þinn eða annar sem ber ábyrgð á framfærslu barnsins, hefur ekki fengið neinar barnabætur greiddar í sínu heimilisfestarríki, þá skal yfirlýsing frá erlendum skattfirvöldum fylgja með því til staðfestingar.